

LÖG

um breytingu á lögum um fasteignalán til neytanda, nr. 118/2016 (hámark greiðslubyrðar, undanþágur o.fl.).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Sem veitt eru í tengslum við hlutdeildarlán í skilningi laga um húsnæðismál.

2. gr.

Við 2. mgr. 25. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er að kveða á um undanþágur frá hámarkinu vegna ákveðins hundradshluta af heildarfjárhæð veittra lána á tilteknu tímabili.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „eða“ í 1. mgr. kemur: og.
- b. Við 1. mgr. bætast þrjú nýr málsliðir, svohljóðandi: Hámark heildarfjárhæðar fasteignaláns getur verið frá fimmföldum til nífaldra árlegra ráðstöfunartekna neytanda. Hámark greiðslubyrðar fasteignaláns getur numið 25–50% af mánaðarlegum ráðstöfunartekjum neytanda. Með ráðstöfunartekjum er átt við væntar viðvarandi tekjur að frádregnum beinum sköttum og gjöldum.
- c. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er að kveða á um undanþágur frá hámarkinu vegna ákveðins hundradshluta af heildarfjárhæð veittra lána á tilteknu tímabili.
- d. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Seðlabanka Íslands er heimilt að kveða nánar á um útreikning hámarks heildarfjárhæðar fasteignaláns og hámark greiðslubyrðar fasteignaláns í reglum skv. 1. mgr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. júní 2021.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.